

Bæjarstjórn Garðabæjar
Bt. Bjargar Fenger
Ráðhús Garðatorgi 7
210 Garðabæ

Erindi frá Byggingarsamvinnufélagi eldri borgara í Garðabæ.

Eftir að Byggingarsamvinnufélag eldri borgara í Garðabæ, (eftirleiðis nefnt BFEG) lauk byggingu á húsum við Unnargrund hefur félagið ekki komið að nýjum verkefnum.

BFEG er byggingarsamvinnufélag sem starfar í samræmi við ákvæði laga um slík félög nr. 153 frá 1998. Í fyrstu grein þeirra laga segir um tilgang slíkra félaga:

1. gr.

Tilgangur byggingarsamvinnufélaga er að reisa íbúðarhús fyrir félagsmenn sína til eigin afnota á sem hagkvæmasta hátt ásamt öðrum byggingum sem teljast vera í eðlilegum tengslum við íbúðarhúsnæðið og reka lánastarfsemi vegna félagsmanna sinna. Tilgangur byggingarsamvinnufélags getur enn fremur verið eftirfarandi:

a. Að eiga aðild að fyrirtækjum með takmarkaðri ábyrgð, svo sem samvinnusamböndum samkvæmt [lögum nr. 22/1991](#), um samvinnufélög, og hlutafélögum, enda starfi hlutaðeigandi fyrirtæki á sviði byggingariðnaðar eða að öðrum verkefnum sem mikilvæg verða að teljast fyrir byggingarsamvinnufélagið.

b. Að útvega lán til byggingarframkvæmda þeirra sem félagið annast.

Félag, sem ákvæði þessara laga taka til, skal hafa orðið „byggingarsamvinnufélag“ í nafni sínu og jafnframt er öðrum félögum óheimilt að bera slík heiti.

Framtíðar tilvist þessa félags helgast því alfarið af því að því öðlist að halda áfram að vinna að þessum tilgangi í þágu félagsmanna. Núverandi stjórn hefur því skoðað gildandi skipulag Garðabæjar með það í huga að finna mögulegar lóðir fyrir slík hús. Vænlegasti kosturinn er metinn vera lóðir samkvæmt gildandi deiliskipulagi frá árinu 2000 á mörkum Garðabæjar og Hafnarfjarðar, kallað Hleinar.

Þar gerir gildandi skipulag ráð fyrir sérþýli fyrir aldraðra.

Samtals 86 íbúðir fyrir eldri borgara sem skiptast þannig:

- 20 íbúðir í 10 parhúsum á einni hæð á jafnmörgum lóðum.
- 66 íbúðir í 22 raðhúsum á einni hæð á jafnmörgum lóðum

Því var það að boðað var til fundar í safnaðarheimili Garðakirkju þann 8. mars þar sem þetta deiliskipulag var kynnt. Í viðhengi við erindi þetta má finna hluta af kynningarefni frá þeim fundi.

Fundur var auglýstur opinberlega og opinn öllum áhugasömum, ekki bara núverandi félagsmönnum. Það vara samdóma álit fundarmanna að þetta deiliskipulag falli fullkomlega að væntingum fundarmanna um búsetuúrræði fyrir eldri borgara sem væru í þeirri stöðu að vilja minnka við sig. Því var stjórn BFEG falið að fylgja málinu eftir með því að senda erindi á Bæjarstjórn Garðabæjar.

Það er í ljósi þessa eindregna áhuga sem stjórn BFEG leitar eftir afstöðu Bæjarstjórnar til mögulegrar aðkomu BFEG að uppbyggingu búsetuúrræðis fyrir eldri borgara á þessu svæði.

Okkur hjá BFEG er fullkomlega ljóst að lóðir er takmörkuð auðlind sem verður ekki ráðstafað, af kjörnum fulltrúum, með einföldum hætti til einstaklinga eða félagasamtaka. Við erum því vel meðvituð um að slíkt verður vart gert nema með ákvæðum eða sértækum kvöðum sem réttlæta slíkt.

Við viljum hins vegar benda á að BFEG fellur undir ofangreind lög og því um að ræða óhagnaðardröfin samtök sem eru háð takmörkunum og kvöðum um verðlagningu og endursölu íbúða. Hér er því um að ræða íbúðauðræði á félagslegum grunni sem nýtur fjármögnunarkosta er bjóðast á þeim forsendum.

Enn fremur er vert að benda á að flestir félagsmenn BFEG eiga þegar eignir í grónum hverfum í Garðabæ sem þeir væntanlega losa við flutning verði af þessu. Þannig mun framboð búsetuúrræða í Garðabæ aukast sem nemur tvöfaldri þeirri tölu sem byggt verður í þessum tilgangi. Þetta úræði er jafnframt til þess fallið að auðvelda og flýta fyrir eðlilegri endurnýjun íbúa í eldri hverfum þar sem allir innviðir eru þegar til staðar.

Almennt er takmarkað framboð af húsnæði í Garðabæ sem hentar eldra fólki sem vill minnka við sig. Margt eldra fólk kys að búa í sérþýli en þá gjarnan í nágrenni við þjónustu sem snýr að þeirra þörfum. Þessi staðsetning í næsta nágrenni við Hrafnistu opnar á möguleika að samnýta slíka aðstöðu með hagkvæmum hætti og mögulega til þess falli að draga úr þörfum á að byggja upp slíkt sértækt úrræði. Vert er að benda á að þetta hverfi kallar ekki á skóla, leikskóla eða aðra slíka dýra innviði sem almennt fylgir nýjum hverfum.


Við í stjórn BFEG erum hvenær sem er tilbúin að mæta á fund til að gera betur grein fyrir þessum hugmyndum.

Stjórn BFEG skipa eftirfarandi aðilar í dag.

- Björgvin Magnússon
- Einar Ragnarsson
- Ingunn Guðmundsdóttir

Með von um jákvæðar undirtektir.

Fh. Stjórnar BFEG


Einar Ragnarsson
Bæjargili 61.

Viðhengi:

Gögn frá kynningarfundum BFEG þann 8. mars 2022.

Afrit:

Stjórn og varamenn í stjórn BFEG.